

# 14. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 15. desember 2020 kl. 17:00, fjarfundur á Zoom

**Mætt á fund:** Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Sveinn Atli Gunnarsson (varaformaður), Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Hope Knútsson (varamaður) og og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

**Forföll boðuð:** Mörður Árnason (varamaður), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi) Stefán Rafn Sigurbjörnsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður),

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson og Inga Auðbjörg

**Fundardagskrá í svörtum lit**

Viðbætur ritara í bláum lit

## Dagskrá/Fundargerð

### 1. Ný vefsíða - staða - framhaldsmál frá síðasta fundi

- a. Forritunarvinna hafði stöðvast vegna skorts á svörum frá Borgun og Reglu. Framkvæmdastjóri rak á eftir báðum aðilum, og kom í ljós að samningur okkar hjá Borgun hafði “gleymsst” þar sem starfsmaður sem sá um okkar mál hætti. Það mál er frágengið og samskipti komin í gang aftur við Reglu og kóðunarlínur fljúga nú á milli í tölvupóstum.

## 2. Alþjóðáping 2023 - framhaldsmál frá síðasta fundi

- a. Sveinn Atli reiðubúinn að taka að sér þetta hlutverk. Sveinn hefur þegar átt einn fund með Dönum og fer yfir stöðuna í stuttu máli. Sveinn formlega samþykktur sem fulltrúi Siðmenntar.

Vinnan í startholunum, búið að ákveða staðsetningu t.d. en lítið annað. Næsti fundur er í mars og þá á að leggja fram m.a. tillögur að framsögufólki. Félagið hefur fengið aðgengi að öllum gögnum í gegnum Dropbox.

## 3. Jólahugvekja 2020 - framhaldsmál frá síðasta fundi

### a. Hver semur og flytur? Tónlist og fleira?

Formaður ræðir við Tryggva um útfærslu og málið unnið áfram. Staðfest hefur verið af X-inu að hugvekjan sé á dagskrá.

## 4. Gjaldskrá vegna útfara - framhaldsmál frá síðasta fundi

Virði útfara með niðurgreiðslum ríkisins var 70 þúsund krónur. Þeirra nýtur ekki lengur við og því þarf að laga gjaldskrá að þeim breytingum.

Tillaga að nýrri gjaldskrá:

Útför ásamt kistulagningu í samfloti: 60.000

Kistulagning á öðrum tíma en útför: 10.000

Jarðsetning á öðrum tíma en útför: 10.000

Uppfærð afsláttarkjör:

*Útfarir eru félögum í Siðmennt að kostnaðarlausu. Það gildir einnig um útför barns (0-17 ára) er að ræða óháð aðild*

*Innifalið í kostnaði er viðtal við aðstandendur, ráðgjöf um athöfnina, samráð við athafnaþjónustu, ræðuskrif og annar undirbúningur.*

Gjaldskrá athafna er ákveðin af stjórn á ári hverju. Stefnt er að því að halda þessum afsláttarkjörum meðan að sóknargjalda nýtur við.

## **5. Fjárhagsáætlun 2021**

### **a. Kynning**

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri kynna drög að fjárhagsáætlun næsta árs og fara yfir stöðuna. Fjárhagsleg staða félagsins sterk og rekstur í góðu jafnvægi.

## **6. Erindi til LSH vegna sálgæslu**

- a. Formaður sendi tvenns konar erindi á LSH vegna sálgæslu; eitt á sálgæsluteymi spítalans og annað á sálfræðisvið spítalans.
  - i. Svar barst frá Rósu Kristjánsdóttur, djákna og verkefnastjóra sálgæsluteymisins, þann 25. nóvember 2020.
  - ii. Svar hefur enn ekki borist við fyrirspurn á sálfræðisvið, en fyrirspurnin var send þann 30. nóvember 2020.

## **7. Erindi til landlæknis vegna mæðraskrár**

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

- a. Formaður sendi erindi á Landlæknisembættið þann 30. nóvember 2020 varðandi mæðraskrá, en ábendingar höfðu borist frá verðandi foreldrum að spurt væri um slíkar upplýsingar í meðgönguvernd, en þegar á hólminn væri komið reyndist ekki vera hægt að velja Siðmennt í felliglugga með lífsskoðunarfélögum. Jafnframt óskaði formaður eftir rökstuðningi fyrir því að þessum upplýsingum væri safnað með þessum hætti, en skv. upplýsingum formanns er ekki slíkur sérgluggi í rafrænni sjúkraskrá.
- b. Svar barst 17. desember frá Guðrúnu Auði Harðardóttir, PhD, verkefnisstjóra og hjúkrunarfræðingi hjá Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna sem er hluti af Embætti landlæknis:

*Upplýsingar um trúfélag hafa verið skráðar í heilbrigðisþjónustu um árabil. Rafræn mæðraskrá er partur af rafrænni sjúkraskrá. Held að aðalástæða þess að upplýsingarnar séu skráðar sé að trúfélög geta haft mismunandi afstöðu til þjónustu heilbrigðisstarfsfólks. Dæmi um það er t.d. Vottar Jehova og afstaða þeirra til blóðgjafar og þá er mikilvægt fyrir heilbrigðisstarfsmann sem sinnir sjúklingi að vita það. Einnig við lífslok er fólki oft boðið upp á prestþjónustu eða annað sambærilegt út frá þeirra trú ef viðkomandi óskar þess. Einstaklingar ráða sjálfir hvort þeir vilja gefa þessar upplýsingar upp og hvort þær séu skráðar í sjúkraskrána.*

*Upplýsingum úr sjúkraskrá er ekki miðlað til Þjóðskrár. Allar sjúkraskrárupplýsingar eru viðkvæmar persónuupplýsingar.*

*Beiðni þinni um að hægt verði að skrá Siðmennt sem val á trúfélagi í sjúkraskrárkerfið er hér með komið á framfæri og mun það verða valkostur í uppfærslu á sjúkraskrárkerfinu á næsta ári.*

## 8. Önnur mál

- a. Önnur mál Tónleikar fyrir heimilisláusa. Hver er staðan?

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Listamenn klárir, en stendur á svörum frá Borginni. Vonandi leysist úr þessu í vikunni.

*Næsti stjórnarfundur ekki settur fastur vegna covid aðstæðna.*

*Fundi slitið klukkan:*

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands